



Stjórnarráð Íslands
Umhverfis-, orku- og
loftslagsráðuneytið

urn@urn.is
545 8600

Skuggasundi 1,
101 Reykjavík

stjornarradid.is

TDK Foil Iceland ehf.
Krossanesi 4
603 Akureyri

Reykjavík 30. desember 2022
Tilv.: UMH22110099/8.14

Ráðuneytið vísar til erindis Eflu f.h. TDK Foil Iceland ehf., kt. 590207-0120, dags. 23. nóvember sl., þar sem óskað er eftir tímabundinni undanþágu frá starfsleyfi til reksturs aflþynnuverksmiðju í Krossanesi, Akureyri. Fram kemur að sótt hafi verið um nýtt starfsleyfi hinn 18. ágúst 2021 og hafi umsóknin verið samþykkt sem fullnægjandi þann 16. desember 2021. Fyrirtækið hafi verið með starfsleyfi Umhverfisstofnunar sem hafi runnið út 31. desember 2021 en það hafi verið framlengt um eitt ár í samræmi við 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þar sem búið hafi verið að senda inn fullnægjandi umsókn um nýtt starfsleyfi til vinnslu og fyrirséð að ekki tækist að klára gerð þess áður en gilt leyfi rynni út. Vinnsla á nýju starfsleyfi muni vera langt komin en samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun sé ljóst að nýtt starfsleyfi verði ekki tilbúið áður en núverandi framlengt starfsleyfi renni út þann 31. desember 2022. Að höfðu samráði við Umhverfisstofnun sækir TDK Foil Iceland ehf. um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi frá og með 31. desember 2022 - 1. ágúst 2023 eða þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út.

Samkvæmt 4. málsl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er ráðherra heimilt, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé komin fram fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis og, ef við á, að fyrir liggja mat á umhverfisáhrifum eða niðurstaða um matsskyldu starfseminnar, sbr. 1. málsl. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Ráðuneytið sendi erindið til umsagnar Umhverfisstofnunar með tölvupósti 28. nóvember sl. Í umsögn Umhverfisstofnunar sem barst ráðuneytinu 15. desember sl. kemur fram að Umhverfisstofnun hafi staðfest að umsókn TDK Foil Iceland ehf. um leyfi til reksturs aflþynnuverksmiðju á Akureyri sé fullnægjandi með bréfi dags. 15. desember 2021. Þá liggja fyrir niðurstaða um matsskyldu frá 18. mars 2008 þar sem niðurstaðan hafi verið að starfsemi aflþynnuverksmiðjunnar væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Ástæða umsóknar um undanþágu sé sú að starfsleyfi verksmiðjunnar renni út þann 31. desember nk. en stofnunin hafi framlengt starfsleyfið, skv. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, með ákvörðun 22. desember 2021. Umhverfisstofnun sé aðeins heimilt að framlengja starfsleyfi um eitt ár og því sé sótt um undanþágu til ráðherra þar sem ekki sé fyrirséð að það takist að klára starfsleyfið áður en gilt leyfi renni út. Drög að nýju starfsleyfi séu langt komin hjá Umhverfisstofnun. Telur stofnunin

að skilyrði fyrir tímabundinni undanþágu séu uppfyllt og leggur til að undanþágan gildi þar til gefið verði út nýtt starfsleyfi en þó ekki lengur en til 1. júní 2023. Skilyrði fyrir undanþágunni verði að fylgja skilyrðum starfsleyfis sem í gildi er fyrir starfsemina og að fylgt skuli þeim kröfum sem mælt sé fyrir um í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Samkvæmt beiðni um undanþágu og umsögn Umhverfisstofnunar rennur starfsleyfi fyrirtækisins út 31. desember 2022 en starfsleyfið hafði verið framlengt um eitt ár með bréfi dags. 15. desember 2021 af Umhverfisstofnun í samræmi við heimild á grundvelli 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998. Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun liggur fyrir fullnægjandi umsókn um nýtt starfsleyfi og er vinna við nýtt starfsleyfi langt komin. Umhverfisstofnun telur einnig að ríkar ástæður mæli með veitingu undanþágunnar. Ráðuneytið telur ljóst að án undanþágu frá starfsleyfi verður starfsemi fyrirtækisins stefnt í hættu en fyrirtækið hefur haft starfsleyfi frá árinu 2009 og því er ekki um nýja starfsemi að ræða. Í ljósi framangreinds veitir ráðuneytið hér með TDK Foil Iceland ehf., kt. 590207-0120 tímabundna undanþágu frá starfsleyfi til reksturs aflþynnuverksmiðju í Krossanesi, Akureyri sbr. 4. másl. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 og 1. másl. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Undanþágan er bundin þeim skilyrðum að fyrirtækið uppfylli ákvæði gildandi starfsleyfis sem Umhverfisstofnun gaf út 14. júlí 2009 og laga og reglugerða sem um starfsemina gilda, sérstaklega ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og kröfum sem mælt er fyrir um í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Undanþága þessi gildir þar til nýtt starfsleyfi verður gefið út en þó eigi lengur en til 1. júní 2023.

Umhverfisstofnun fer með eftirlit með starfseminni í samræmi við reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Umhverfisstofnun skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur.

Framgreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Íris Bjargmundsdóttir

Trausti Ágúst Hermannsson

Ljósrit: Umhverfisstofnun.
Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra.